

Nr. 18-162 S 108 Naustvík ST 80***Leki í vélarúmi og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr: 2590
 Smíðaður: Hafnarfjörður 2003, plast
 Útgerð: Glífsa ehf
 Stærð: 7,18 brl. 5,99 bt.
 Mesta lengd: 8,73 m Skráð lengd: 8,67 m
 Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,19 m
 Vél: YANMAR 257 kW, 2003
 Fjöldi skipverja: 1



Naustvík©Grétar Þór Sæþórsson

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2018 var Naustvík ST 80 á handfæraveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: A 5 m/sek.

Á veiðunum kom mikill leki að vélarúminu og óskað var eftir aðstoð. Varðskipið Týr var kallað út ásamt fleiri skipum og var dæla send frá varðskipinu til bátsins. Vel gekk að dæla úr honum og fór skipstjórinn um borð í Glað ÍS 421 sem dró bátinn til hafnar í Bolungarvík.



Myndin sýnir skut bátsins þar sem vantar bb skriðbrettið.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun kom í ljós að bb. skriðbretti aftan á bátnum hafði losnað af og skilið eftir sig gat inn í vélarúmið;
- að skriðbrettið týndist en sex boddý skrúfur höfðu fest það við skut bátsins;
- að skipstjórinn varð ekki var við að skriðbrettið losnaði af bátnum;
- að fram kom hjá Samgöngustofu (SGS) að nýsmíðateikningar sem samþykktar voru fyrir bátinn sýndu ekki skriðbrettin og var frágangur þeirra því ekki samþykktur hjá stofnuninni;
- að leiðbeiningar og handbækur sem SGS vinnur eftir eru byggðar á Norðurlandareglum um smíði og búnað báta. Í þeim segir að festingar á búnaði í trefjaplastbátum skulu útfærðar með þeim hætti að þær séu festar með gegnumgangandi boltum og með stórum skífum eða flatjárnri undir rærnar. Þær fjalla þó óbeint um frágang á skriðbrettum;
- að fram kom hjá SGS að reglur um smíði og eftirlit trefjaplastbáta sé ábótavant.



Myndin sýnir gatið inn í vélarúmið

Nefndarálit:

Orsök atviksins var rangur frágangur og festingar á skriðbrettum.

Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við að hægt sé að gera afgerandi breytingar á trefjaplastbátum án samþykkis og einnig að það skuli fara framhjá skoðunaraðilum við búnaðarskoðun þeirra.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin leggur til við ráðuneyti samgöngumála að regluverk um smíði, breytingar og eftirlit með trefjaplastbátum verði endurskoðað.